

Alþingi
Erindi nr. P 135/2184
komudagur 14. 4. 2008



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20.60
11.04. 2008

Efni: Umsögn Landsnets hf. um frumvarp til skipulagslaga. Þskj. 616 – 374. mál

Hlutverk Landsnets hf.:

Landsnet hf. er stofnað á grundvelli raforkulaga, sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003 (lög nr. 65/2003). Samkvæmt raforkulögum er hlutverk Landsnets að annast flutning raforku, kerfisstjórnun ásamt rekstri og viðhaldi flutningskerfisins. Landsnet starfar í einkaleyfisumhverfi og er í eigu opinberra aðila.

Landsnet flytur raforku frá framleiðendum til almenningsveitna/dreifiveitna og til stórnotenda í orkufrekum iðnaði. Allar virkjanir sem eru 7,0 MW og stærri eiga að tengjast flutningskerfinu.

Flutningskerfi raforku tilheyra öll flutningsvirki á spennu sem er 66 kV og hærri. Nokkur flutningsvirki á 33 kV spennu tilheyra einnig flutningskerfi Landsnets. Flutningskerfið samanstendur af á fjórða þúsund kílómetrum af háspennulínnum- og strengjum og ríflega 70 tengivirkjum.

Samkvæmt raforkulögum skal Landsnet byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Þannig ber fyrirtækinu að sjá til þess að á hverjum tíma liggi fyrir kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, sem að mörgu leyti má líkja við samgönguáætlun. Áætlunin tekur m.a. mið af spá um þróun raforkunotkunar í landinu og á að tryggja afhendingaröryggi og gæði raforku. Fyrirtækið hefur eitt heimild til þess að reisa ný flutningsmannvirki á Íslandi.

Fyrirtækið ber því ábyrgð á og skylda til að annast uppbyggingu, rekstur og viðhald grunnkerfis fyrir flutning raforku á landsvísu, en slíkt kerfi varðar hagsmuni landsmanna allra.

Landsnet fagnar framkominni tillögu um landsskipulagsáætlun og telur að nái frumvarpið fram að ganga verði það til að stuðla að heildstæðri skipulagsgerð og auka skilvirkni í uppbyggingu grunnkerfa á landsvísu.

Athugasemdir Landsnets við frumvarp til skipulagslaga:

10. gr. Landsskipulagsáætlun

Gerð er tillaga að svohljóðandi viðbót í lok 2. málsgreinar 10. gr.

“Í landsskipulagsáætlun er m.a. vörðuð stefna um grunngerð á landsvísu, svo sem samgöngukerfi og flutningskerfi raforku.”



Einnig er gerð tillaga að breytingu á 3. mgr. 10 greinar. Í stað setningarinnar:

„Jafnframt skal hafa til hliðsjónar eftir því sem við á fyrirliggjandi áætlanir opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga.“

Komi setningin:

„Jafnframt skal taka tillit til fyrirliggjandi áætlana opinberra aðila í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun, þ.m.t. áætlanir opinberra aðila, sem bera ábyrgð á grunnkerfum á landsvísu, og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga.“

Jafnframt er gerð tillaga að svohljóðandi viðbót í lok 5. mgr. 10 greinar:

„Eftir að landsskipulagsáætlun hefur verið samþykkt í fyrsta sinni (árið 2010) skulu sveitarfélög þó endurskoða aðalskipulag sitt í samræmi við áætlunina, eigi síðar en innan tveggja ára frá fyrstu samþykkt hennar.“

(Þessi viðbótartillaga á ef til vill heima í ákvæðum til bráðabirgða.)

11. gr. Málsmeðferð

Gerð er tillaga að breytingu á 2. setningu 1. málsgrein. Í stað setningarinnar:

„Þau skulu unnin í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og Samband Íslenskra sveitarfélaga.“

Komi setningin:

„Þau skulu unnin í samráði við hlutaðeigandi stofnanir, Samband Íslenskra sveitarfélaga og opinberra aðila, sem bera ábyrgð á grunnkerfum á landsvísu.“

Einnig er gerð tillaga að breytingu á 2. setningu 2. málsgreinar. Í stað setningarinnar:

„Jafnframt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarfélaga ef landsskipulagsáætlun varðar þá sérstaklega“

Komi setningin:

„Jafnframt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarfélaga, og opinberra aðila, sem bera ábyrgð á grunnkerfum á landsvísu, ef landsskipulagsáætlun varðar þá sérstaklega.“

Tillaga að viðbótargrein á eftir 11. gr. frumvarpsins: Breytingar á landsskipulagsáætlun

Tillaga að texta nýrrar greinar:

„Umhverfisráðherra er heimilt að gera breytingu á gildandi landsskipulagsáætlun áður en kemur til lögbundinnar endurskoðunar hennar. Fer sú breyting þá fram skv. málsmeðferð 11. gr.“



Rökstuðningur við athugasemdir Landsnets:

Athugasemdir og ábendingar Landsnets, sem iúta að greinum 10. og 11, ganga fyrst og fremst út á það að skýra betur aðkomu þeirra opinberu aðila sem bera ábyrgð á uppbyggingu grunnkerfa á landsvísu.

Í greinargerð með lagafrumvarpinu, þar sem fjalið er um 10. gr., kemur fram að með „landsskipulagsáætluninni væri hægt að taka afstöðu til þess á hvaða svæðum ætti að fara fram frekari uppbygging vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og á hvaða svæðum yrði ekki gert ráð fyrir virkjanaf framkvæmdum sökum sérstöðu svæðis.“

Jafnframt segir í greinargerðinni: „Landsskipulagsáætlunin gæti einnig varðað stefnu um grunngerð á landsvísu svo sem samgöngukerfi, orkuöflunar- og dreifikerfi með tilliti til sjálfbærrar þróunar eða að hún samþætti áætlanagerð á landshluta eða landsvísu“.

Landsnet bendir á mikilvægi þess að þeir opinberu aðilar sem bera ábyrgð á uppbyggingu grunnkerfa á landsvísu komi að gerð landsskipulags og að kveðið sé með skýrari hætti á um aðkomu þeirra og hlutverk en gert er í frumvarpinu. Þessir aðilar eru t.d. Landsnet, Vegagerðin og Siglingastofnun. Jafnframt er vakin athygli á rangri orðanotkun í textanum hér að ofan. Í raforkulögunum er gerður skýr greinamunur á flutningskerfi raforku og dreifikerfum. Flutningskerfi raforku er grunnkerfi á landsvísu en dreifikerfi/almenningsveitur dreifa raforku á lægri spennu innan tiltekins dreifuveitusvæðis. Mjög líklegt verður því að teljast, að þar sem talað er um dreifikerfi raforku í sambandi við landsskipulagsáætlun sé átt við flutningskerfi raforku.

Landsnet vill einnig benda á mikilvægi þess að auk landsskipulagsáætlunar um meginkerfi fyrir flutning raforku á landsvísu verði skilgreindar flutningsleiðir á orku frá orkuöflunarsvæðum samfara stefnumótun um nýtingu þeirra í landsskipulagi. Reynslan hefur sýnt að í umfjöllun um umhverfismál eru flutningsvirki raforku stór þáttur og því mikilvægt að stefna um orkuflutning sé mótuð samfara áætlanagerð um orkuframleiðslu.

Í þessu samhengi vill Landsnet benda á mikilvægi þess að landsskipulag verði ekki einungis leiðarljós fyrir viðkomandi sveitarfélög. Landsnet telur að í landsskipulagi sé eðlilegt að kveðið sé á um afmörkun svæða, þar með talið svæði undir orkuflutning m.t.t. bæði umhverfis-, félags-, efnahags- og öryggissjónarmiða.

Varðandi tillögu Landsnets um viðbótargrein á eftir 11. gr. laganna er þess að geta að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að breytingar séu gerðar á landsskipulagi eins og svæðisskipulagi (sbr. 27. gr.) og aðalskipulagi (sbr. 36. gr.). Þó meginregla varðandi skipulagsáætlunir eigi eðlilega að vera sú að þeim sé ekki hnikað í sífellu er engu að síður mikilvægt að í lagarammanum sé heimild til að breyta landsskipulagsáætlun sé eitthvað sem kalli sérstaklega á það.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets

Guðmundur I. Ásmundsson, aðstoðarforstjóri